

Vinnuvernd er allra hagur. Fyrir þig og þinn vinnustað.

Herferðin Vinnuvernd er allra hagur 2023-2025



Farsæl framtíð  
í vinnuvernd

**Verðlaun fyrir góða starfshætti**

**Ósk um tilnefningar**



# Að tryggja skilvirkar forvarnir í stafrænum heimi vinnunnar

## Sambætting stafrænnar tækni er að breyta vinnustöðum alls staðar, allt frá sýndaraðstoðarmönnum og starfsmannaöppum til sjálfvirknilausna.

Við lifum og störfum á tímum spennandi nýjunga. Innleiðing og sambætting stafrænnar tækni er að eilífu að breyta vinnuheiminum, allt frá vinnslu í tölvuskýjum og sjálfvirkni til sýndaraðstoðarmanna og starfsmannaforrita. Enginn geiri er ósnortinn af þessum breytingum.

Mikilvægt er að fara út fyrir bita og bæti og setja fólk í miðju stafrænu umbreytingarinnar til að undirbúa vinnustaði fyrir það sem koma skal. Vinnuvernd er mikilvægur þáttur sem þarf að huga að.

Þessi herferð eykur vitund um bæði tækifæri og áhættu fyrir vinnuvernd sem stafræn umbreyting hefur í för með sér fyrir vinnubrögðin okkar. Það stuðlar að mannmíðaðri nálgun og samvinnu allra hagsmunaaðila til að koma í veg fyrir áhættu. Þetta hjálpar til við að tryggja

öryggi starfsmanna og framleiðni fyrirtækja með því að deila hagnýtum ráðum og dæmisögum um góða starfshætti.

Herferðin fyrir heilbrigða vinnustaði 2023–2025 miðar að því að:

1. Auka þekkingu á öruggri og afkastamikilli notkun stafrænnar tækni á öllum sviðum.
2. Vekja athygli á vinnuverndaráskorunum sem tengjast stafrænni umbreytingu vinnu.
3. Upplýsa um nýjar áhættur og tækifæri.
4. Stuðla að áhættumati og öruggri stjórnun stafrænnar tækni á vinnustað.
5. Stuðla að miðlun á upplýsingum og góðum starfsvenjum meðal viðeigandi hagsmunaaðila.



# Vinnuverndarverðlaun fyrir góða starfshætti

Evrópska vinnuverndarstofnunin - EU-OSHA ásamt aðildarríkjum skipuleggur **Verðlaun fyrir góða starfshætti** meðfram Vinnuvernd er allra hagar herferðunum. Verðlaunin þjóna sem **vettvangur til að deila og efla góðar starfsvenjur í öryggi og heilsu á vinnustöðum um alla Evrópu.**

Sérstakt markmið Verðlauna herferðarinnar Vinnuvernd er allra hagar fyrir góða starfshætti 2023– 2025 er að beina kastljósinu að leiðandi dæmum um fyrirtæki sem **koma með virkum hætti í veg fyrir áhættur vegna vinnuverndar**

**sem tengjast innleiðingu stafrænna kerfa á vinnustað.** EU-OSHA er að leita að dæmum sem sýna fram á **heildstæða nálgun** á vinnuverndarstjórnun þar sem **bæði vinnuveitendur og starfsmenn skuldbinda sig til að vinna saman.**

Dómnefndin leitar líka að iðlutunum sem eru bæði **sjálfbærar og yfirfæranlegar.**

Tilkynnt verður um sigurvegara í apríl 2025. Verðlaunaafhending verður skipulögð til að fagna árangri allra þátttökuaðila.





©iStockphoto / NanoStockk

## Hvers konar góða starfshætti má senda í keppnina?

Hægt er að **leggja fram öll raunveruleg dæmi um nýstárlegar og árangursríkar stjórnunaraðferðir til að koma í veg fyrir áhættur vegna vinnuverndar sem tengjast innleiðingu stafrænnar tækni í vinnunni eða reiða sig á slíka tækni**. Innsendingar ættu að **lýsa því með skýrum hætti hvernig góðir stjórnunarahættir voru innleiddir** á vinnustaðnum, hvers konar stafræn tækni var notuð, hvert hlutverk þeirra eða framlag var og hvaða árangur hefur náðst.

Mikilvægt er að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- Hvernig áhættumat var skipulagt fyrir alla hópa starfsmanna.
- Hvernig stigveldi forvarna var fylgt með hliðsjón af sértækri áhættu tengdri stafrænni væðingu vinnustaðarins.
- Hvernig vinnuverndaráhætta var skoðuð, allt frá hönnun til uppsetningar stafræna kerfisins á vinnustað.
- Hvernig vitundarvakning var augin og hvatt til áhættuvarnarmenningar.
- Hvernig starfsmenn voru þjálfaðir til að vinna á öruggan hátt og hafa samskipti við stafræna tækni.

# Hvað ætti tilnefning að sýna?

Dómnefndin þrískipta mun leita að dæmum um:

- Heildstæða nálgun til vinnuverndar.
- Raunverulegar og sannanlegar umbætur á öryggi og heilsu í tengslum við stafræna umbreytingu á vinnustað.
- Forgangsroðun samvinnu fram yfir íhlutanir með áherslu á einstaklinginn.
- Árangursríka þátttöku og aðild starfsfólks og fulltrúa þeirra.
- Sjálfbærni framkvæmdar yfir tíma.
- Flytjanleika yfir á aðra vinnustaði (í öðrum aðildarríkjum, í mismunandi atvinnugreinum og stærðum).
- Tímabilið (íhlutunin ætti annaðhvort að vera nýleg eða lítið kynnt).

Að auki þurfa íhlutanir að fylgja og helst ganga lengra en viðeigandi gildandi löggjöf í því aðildarríki þar sem þær eru framkvæmdar. Vörur, tól og þjónusta í viðskiptalegum tilgangi verða ekki tekin til greina í keppninni.

*Stafræn kerfi fyrir manneskjur eru hönnuð til að aðstoða starfsmenn við vinnu sína, en láta þá stjórna.*



# Hver má taka þátt?

Þátttaka er opin samtökum og fyrirtækjum með aðsetur í hvaða aðildarríki ESB eða umsóknarríki sem er, hugsanlegt umsóknarríki eða aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), þar á meðal:

- Einstök fyrirtæki eða samtök af öllum stærðum.
- Þjálfunaraðilar og fræðasamfélagið.
- Samtök atvinnurekenda, samtök verslunar, verkálöðsfélög og áhugahópar.
- Svæðisbundin eða staðbundin samtök sem vinna á sviði vinnuverndarforvarna, tryggingafélög og aðrir milliliðir.

## Hvernig á að taka þátt?

Allar tilnefningar eru fyrst dæmdar innanlands af landsskrifstofum EU-OSHA. Innlendir sigurvegarar taka svo þátt í samevrópsku keppninni, en sigurvegarar yfir heildina eru valdir eftir hana.

Fáðu upplýsingar um hvernig eigi að komast í samband við landsskrifstofu og athuga með tímafresti í viðkomandi landi.

[www.healthy-workplaces.eu/en/get-involved/good-practice-awards](http://www.healthy-workplaces.eu/en/get-involved/good-practice-awards)

*Fylgdu herferðinni á samfélagsmiðlum:  
#EUhealthyworkplaces*



EU-OSHA boðar til þátttöku fyrir **16. verðlaunin fyrir góða starfshætti fyrir heilbrigða vinnustaði í vinnuverndarmálum**. Sem hluti af herferðinni 2023–2025 **Vinnuvernd er allra hagur, léttu byrðarnar**, miðar samkeppnin að því að viðurkenna stofnanir sem leggja framúrskarandi og nýstárlegt framlag til öryggis og heilsu með því að koma í veg fyrir áhættu sem tengist stafrænni umbreytingu á vinnustaðnum.

Vinnuverndarstofnun Evrópu, **EU-OSHA**, einsetur sér að gera vinnustaði í Evrópu öruggari, heilsusamlegri og afkastameiri. Stofnunin, sem stofnuð var af Evrópusambandinu 1994 og er staðsett í Bilbao á Spáni, rannsakar, þróar og miðlar áreiðanlegum, yfirveguðum og óhlutdrægum upplýsingum á sviði öryggis og heilbrigðis og vinnur með fyrirtækjum um alla Evrópu við að bæta vinnuaðstæður.

EU-OSHA stendur einnig fyrir herferðunum **Vinnuvernd er allra hagur** með stuðningi stofnana Evrópusambandsins og aðila vinnmarkaðarins í Evrópu. Landskrifstofur stofnunarinnar sjá um skipulag herferðanna innanlands. Herferðin fyrir heilbrigða vinnustaði 2023–2025 „**Farsæl framtíð í vinnuvernd**“ miðar að því að vekja athygli á áhættum vegna vinnuverndar sem stafar af stafrænni tækni á vinnustaðnum og þörfinni á að stjórna henni og stuðla að menningu áhættuvarna.

## Vinnuverndarstofnun Evrópu

C/Santiago de Compostela 12  
48003 Bilbao, SPÁNN

Tölvupóstur: [information@osha.europa.eu](mailto:information@osha.europa.eu)

[www.healthy-workplaces.eu](http://www.healthy-workplaces.eu)

© Evrópska vinnuverndarstofnunin, 2023

Afritun er leyfð ef heimildar er getið.

Fyrir afritun eða notkun á myndum sem falla ekki undir annan höfundarrétt en EU-OSHA, þarf að leita leyfis beint frá rétthafa.

Ljósmyndirnar í þessu riti sýna fjölbreytt störf. Þær sýna ekki endilega góðar venjur eða fylgja áskilnaði laga.

*Þýðing á vegum Þýðingarmiðstöðvarinnar (CdT, Lúxemborg) sem byggir á enskum frumtexta.*

